

## Fundargerð skólaráðs Akurskóla

**Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 15. mars 2023 klukkan 16:00-17:00**

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Margrét Ósk Heimisdóttir og Fríða Hrönn Hallfreðsdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Borghildur Þórðardóttir og Eybjörg Helga Daníelsdóttir fulltrúi foreldra. Elvar Ásmundsson og Mikael Máni Hjaltason fulltrúar nemenda. Daði Þorkelsson fulltrúi grenndarsamfélagsins komst ekki.

### **Dagskrá:**

1. Skóladagatal 2023 - 2024
2. Kannanir í 3., 6. og 9. bekk - Niðurstöður
3. Áherslur næsta árs og ráðningarmál
4. Lindin
5. Hvatningarverðlaunin
6. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **1.mál Skóladagatal 2023 - 2024**

Skóladagatal næsta skólaárs borið upp og samþykkt samhljóða.

### **2.mál Kannanir í 3., 6. og 9. bekk - Niðurstöður**

Skólastjóri fór yfir kannanir sem gerðar voru og niðurstöður úr þeim. Almenn ánægja með nemendastýrð viðtöl á samtalsdegi. Ýmislegt gott og annað sem hægt er að gera betur.

### **3.mál Áherslur næsta árs og ráðningarmál**

Skólastjóri fór yfir hvernig næsta skólaár lítur út og hvaða ráðningar skólinn er að fara í. Skólastjóri fór sérstaklega yfir 2 stór verkefni sem verða á næsta skólaári. Akurinn og áframhaldandi Leiðsagnarnám.

### **4.mál Lindin**

Skólastjóri fór yfir hvernig stækkun Lindarinnar er og þær áherslur og áskoranir sem við stöndum frami fyrir.

### **5.mál Hvatningarverðlaun**

Skólastjóri fór yfir hvatningarverðlaun Menntasviðs sem eru á næstunni. Breytt fyrirkomulag er núna á tilnefningum og fór skólastjóri yfir það.

## **6.mál Önnur mál**

1) Skólalóðinn rædd. Skólastjóri sýndi drög að teikningu af nýrri skólalóð. Sem samkvæmt okkar upplýsingum verður farið í endurbætur á næstu 2 ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.45.

Fundargerð þessa ritaði Þormóður Logi Björnsson, aðstoðarskólastjóri Akurskóla